

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Skrifstofa Alþingi - Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is

**Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesi 485. mál á 154. löggjafarþingi**

Samorka fagnar skjótum viðbrögðum stjórnvalda við þeirri vá sem nú steðjar að byggð og innviðum á Reykjanesi með framlagningu frumvarps til laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesi.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er það frumskylda ríkisvaldsins að vernda mikilvæga innviði samfélagsins og aðra almannahagsmunir fyrir tjóni af völdum náttúruvár og sambærilegra atburða. Víkja þá aðrir hagsmunir og eftir atvikum málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í almennum lögum.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um þrjár tölusettar framkvæmdir til varnar innviðum, nánar tiltekið (1) uppbyggingu varnargarða, (2) gerð varnarfyllinga yfir veitumannvirki og (3) gróft leiðiskurða. Greinin ber með sér tæmandi talda möguleika. Vakin er athygli á því að Alþingi gæti breytt orðalagi þannig að *upptalningin teijist ekki tæmandi eða sett fram í dæmaskyni*. Hugsast getur að aðrar framkvæmdir en þarna eru upp taldar kunni að þjóna því markmiði sem sett er fram í 1. mgr. 2. gr. þ.e. að miða að því að koma í veg fyrir að mikilvægir innviðir og aðrir almannahagsmunir verði fyrir tjóni af völdum náttúruvár sem tengist eldstöðvakerfum á Reykjaneskaga. Sem dæmi má nefna tilfærslu á lögnum eða byggingu nýrra lagna ef hætt er við að fyrirbyggjandi lagnir verði fyrir varanlegu tjóni. Í því sambandi má nefna að ein stofnlögn liggur frá Svartsengi að Fitjum til flutnings á heitu vatni fyrir Reykjanesbæ og nágrenni.

Samorka gerir ekki athugasemd við að innheimt verði tímabundið árlegt gjald af húseignum eins og mælt er fyrir um í 4. gr. til að mæta kostnaði við þær framkvæmdir sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Um leið og það er frumskylda ríkisvaldsins að ráðast í framkvæmdir til að verja umrædda innviði þarf ríkisvaldið að sjálfsögðu að tryggja fjármagn til þeirra framkvæmda.

Í þessu samhengi þarf þó að benda á að forvarnargjaldinu sem mælt er fyrir um í 4. gr. virðist að einhverju leyti ætlað að mæta kostnaði af öðrum og víðtækari framkvæmdum en þeim sem nefndar eru í 1. og 2. gr. frumvarpsins. Þannig segir í greinargerð með frumvarpinu þar sem fjallað er um 4. gr. laganna: „*Lagt er til að kveðið verði á um nýtt gjald, forvarnargjald, sem er ætlað að standa straum af kostnaði við framkvæmdir til að varna eða draga úr tjóni af völdum eldgosa, jarðskjálfta og vatnsflóða.*“ Umfjöllun um vatnsflóð virðist hér vísa til umfjöllunar í inngangi í greinargerð þar sem nefnd eru tilvik þar sem talið hefur verið mögulegt og æskilegt að ráðast í fyrirbyggjandi framkvæmdir í tengslum við „*...aukna hættu á vatnsflóðum, einkum vegna áhrifa af hækkun sjávarborðs vegna loftslagsbreytinga.*“ Sé ætlunin að forvarnargjaldið mæti kostnaði af öðrum framkvæmdum en þeim sem taldar eru í 1. og 2. gr. mundi fara betur á því að lög um slíka gjaldtöku yrðu lögð fram með meira svigrúmi og hefðbundnari málsmeðferð en hér er fyrirséð. Sé það mat Alþingis að nauðsynlegt sé að

leggja strax á gjaldtökuheimild til að fara í hinar sérstöku framkvæmdir skv. 1. og 2. gr. er eðlilegt að 4. gr. verði orðuð svo:

*„Til að standa straum af þeim framkvæmdum sem mælt er fyrir um í lögum þessum skal leggja árlegt gjald á allar húseignir sem nemur...“*

Í 3. mgr. 5. gr. eru talin þau lög sem gilda ekki um undirbúning, töku og framkvæmd ákvörðunar skv. 2. gr. Hér væri rétt að telja einnig upp lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Tryggja þarf heimildir til að hefja framkvæmdir til að fyrirbyggja og afstýra eða draga úr tjóni á mikilvægum innviðum áður en það er of seint. Er þar sérsaklega vísað til orkuvers HS Orku í Svartsengi og veitulagnir á því svæði sem nú steðjar hætta að. Samorka styður áform um að frumvarp til laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanessaga verði að lögum svo skjótt sem verða má.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Finnur Beck, framkvæmdastjóri